

um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Meginhlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í vinnslu sjávarafla. Í lögum þessum nær orðið fiskur, eitt sér og í samsetningum, yfir allan fisk og auk þess krabbadýr og skeldýr.

3. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal starfrækja námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins, og miði þau einkum að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðjuvera, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins, eftir því sem við verður komið.

Fela skal skólanum að halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna.

6. gr. hljóðar svo:

Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í 3 deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landslutum.

Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en þann þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Reykjavíkur, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.

12. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

1. Til að hefja nám í undirbúningsdeild skal nemandi hafa staðizt gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla ellegar aflað sér á annan hátt hliðstæðrar, bóklegrar menntunar.

Innan takmarka, sem skólanefnd setur, skal skólastjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu inntökuskilyrði. Skal þessi heimild einkum notuð til að veita fólki, sem starfað hefur í fiskiðnaði, rétt til skólavistar.

2. Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild, fiskimannadeild stýrimannaskóla eða staðizt próf í samræmi við ákvæði 15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.
3. Til að hefja nám í meistaradeild skal nemandi hafa lokið fiskiðndeild.
4. Um nám í framhaldsdeild fer eftir ákvæðum 4. gr.

14. gr. hljóðar svo:

Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, flatning, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrarbræðsla, fiskmjölsframleiðsla, hvalvinnsla, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, svo og aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.